



LANGANESBYGGÐ

28. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn fimmtudaginn 25. júní 2015 og hófst kl 17:00

Mætt voru: Siggeir Stefánsson, Reynir Atli Jónsson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Hilma Steinarsdóttir, Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

L-listinn óskaði eftir að bóka eftirfarandi:

L-listinn gerir ekki athugasemdir við fundarboð en gerir hins vegar athugasemdir við að ekki fylgdu fundargögn í liðum 6, 7, 8, 9 og 10.

Sveitarstjóri kynnti að skýringar voru settar við þá liði í dagskrá sem ekki fylgdu fundargögn og það kom fram í tölvupóstinum þegar fundargögnin voru send út.

Oddviti óskaði eftir því að fá að bæta við tveimur liðum á dagskrá fundarins nr 13 „Sparisjóður Norðurlands“ og nr 14 „Erindi til sveitarstjórnar Langanesbyggðar um gatnagerðargjöld“. Aðrir liðir dagskrár færast aftur sem því nemur. Borið undir fundinn. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Fundargerð 10. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar dags. 19. júní 2015

Liður 3. Ósk um lóðarleigusamning Háholt 3.

Reynir Atli lýsti yfir vanhæfi sínu til að fjalla um málið. Samþykkt samhljóða. Reynir vék af fundi.

Afgreiðsla Umhverfis og skipulagsnefndar borin undir fundinn. Samþykkt samhljóða. Reynir Atli kom aftur inn á fundinn.

Liður 6a. Úthlutun lóðar á Bakkafirði.

Afgreiðsla Umhverfis og skipulagsnefndar borin undir fundinn. Samþykkt samhljóða.

Liður 6b. Bygging stiga v/efri hæðar að Eyrarvegi 2

Afgreiðsla Umhverfis og skipulagsnefndar borin undir fundinn. Samþykkt samhljóða.

Liður 6c. Gangbrautir á Þórshöfn.

Sveitarstjóra og umhverfis- og skipulagsnefnd falið að vinna málið áfram í samráði við Vegagerðina. Samþykkt samhljóða.

Liður 6d. Tenging Hálsvegur-Miðholt.

Lagt til að afgreiðslu Umhverfis- og skipulagsnefndar verði hafnað. 6 samþykktu afgreiðsluna. Þorsteinn sat hjá.

Aðrir liðir í fundargerð lagðir fram til kynningar.

Sveitarstjórn vill vegna útsendingar formanns Umhverfis- og skipulagsnefndar á þremur bréfum er varða afgreiðslu nefndarinnar koma þeirri ábendingu á framfæri við nefndina að skrifstofa Langanesbyggðar sér um útsendingar á svörum við erindum og



LANGANESBYGGÐ

utanumhald þar að lútandi. Einnig bendir sveitarstjórn formanni á að allar afgreiðslur Umhverfis- og skipulagsnefndar þurfa að fá umfjöllun og hljóta samþykki sveitarstjórnar enda hefur Umhverfis- og skipulagsnefnd ekki fullnaðarafgreiðsluheimild í skilningi 42 gr. sveitarstjórnarlaga.

Óskað eftir 5 mínútna fundarhléi.

Bókunin borin undir fundinn. 5 samþykktu bókunina. Reynir og Þorsteinn sátu hjá.

- 2. Úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna Motocrossbrautar í Hálsi**
Lagt fram til kynningar. Lagt til að málinu verði vísað til Umhverfis- og skipulagsnefndar. Samþykkt samhljóða.
- 3. Úthlutun úr styrktarsjóði EBÍ 2015**
Langanesbyggð hlaut styrk úr styrktarsjóði Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands alls kr 300.000 vegna verkefnisins „Ljósmyndaslóð um Þórshöfn“
- 4. Úthlutun verkefnastyrkja úr menningarhluta Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra**
Langanesbyggð hlaut verkefnastyrk úr menningarhluta Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra alls kr 500.000 vegna verkefnisins „Spilað fyrir hafið“
- 5. Aðalfundur fulltrúaráðs Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands**
Lagt fram til kynningar. Reynir Atli Jónsson sækir fundinn fyrir hönd héraðsnefndar.
- 6. Tölvu, hugbúnaðar og símamál á skrifstofu Langanesbyggðar**
Sveitarstjóri kynnti þá möguleika sem eru í stöðunni varðandi tölvu, hugbúnaðar og símamál á skrifstofu Langanesbyggðar.
- 7. Hestúsahverfi í Langanesbyggð**
Oddviti kynnti málið. Framtíðarskipulag fyrir hestúsahverfi í Langanesbyggð rætt. Lagt til að vísa erindinu til Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar til umfjöllunar og úrvinnslu í samráði við hagsmunaaðila. Borið undir fundinn. Samþykkt samhljóða.
- 8. Skólaakstur úr Svalbarðshreppi**
Indriði Kristjánsson skólabílsstjóri hefur tilkynnt um starfslok sem skólabílstjóri. Sveitarstjórn vill nýta tækifærið og færa honum kærar þakkir fyrir gott samstarf en Indriði hefur keyrt skólabifreiðina innan úr Þistilfirði í rúm 30 ár. Sveitarstjóra falið að auglýsa eftir skólabílstjóra. Borið undir fundinn. Samþykkt samhljóða.
- 9. Svar við bréfi frá Eftirlitsstofnun með fjármálum sveitarfélaga dags. 18. mars 2015**
Oddviti kynnti drög að bréfi. Sveitarstjórn samþykkir drög að fyrirliggjandi bréfi til EFS og fela sveitarstjóra og oddvita að ljúka því og senda. Samþykkt samhljóða.



LANGANESBYGGÐ

10. Framkvæmdir 2015

Sveitarstjóri fór yfir stöðu framkvæmda sem búið er að fara í og sem eru á dagskrá.

11. Ráðning skrifstofustjóra

Alls sóttu 3 um starf skrifstofustjóra Langanesbyggðar. Samþykkt að ráða Nínu Björgu Sæmundsdóttur í starfið. Nína er Rekstrar- og Viðskiptafræðingur, með MSc í Stjórnun og Stefnumótun og MSc í Markaðsfræði og Alþjóðaviðskiptum. Borið undir fundinn. Samþykkt samhljóða. Nína Björg Sæmundsdóttir er boðin velkomin til starfa.

12. Skýrsla sveitarstjóra

Leikskóli-nýbygging

Fundað hefur verið um leikskóla. Hönnun er í gangi ásamt viðræðum við hljóðvistarsérfræðinga. Sveitarstjóri hefur kallað eftir og er að bíða upplýsinga varðandi væntanlegan kostnað við hönnun og verkundirbúning.

Úrgangsmál og deiliskipulag á Bakkafirði

Búið er að senda svör við athugasemdum er bárust.

Fundur með yfirstjórn Heilbrigðisstofnunar Norðurlands

Þann 24. júní heimsótti yfirstjórn Heilbrigðisstofnunar Norðurlands Þórshöfn og átti sveitarstjórn ásamt sveitarstjóra fund með þeim.

Framkvæmdir og umhirða

Mikill tími hefur farið í að koma málum áfram, skipuleggja verkefni og afla tilboða. Flest verk ganga vel og eru að standast áætlun.

13. Sparisjóður Norðurlands

Í ljósi fréttu af samruna Sparisjóðs Norðurlands við Landsbankann vill sveitarstjórn Langanesbyggðar áréttta nauðsyn þess að íbúar Langanesbyggðar hafi áfram, að lágmarki, aðgang að sambærilegri bankapjónustu og nú er í byggðarlaginu. Sveitarstjórn bendir á að um er að ræða stóran vinnustað í sveitarfélaginu og allar breytingar á starfsemi útibúsins hefðu veruleg áhrif á samfélagið. Bókunin borin undir fundinn og samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóra falið að koma bókun sveitarstjórnar áfram.

14. Erindi til sveitarstjórnar Langanesbyggðar um gatnagerðargjöld

Erindi barst frá Jónasi Jóhannssyni f.h. Geirs ehf og frá Aðalbirni Arnarssyni f.h. Heiðarhóls ehf þar sem þeir óska eftir því að fellt verði niður lágmarksgjald á gatnagerðargjöldum vegna byggingar á iðnarðarhúsnæði. Lagt til að veita afslátt frá núverandi lágmarksgjaldi í samræmi við nágrannasveitarfélögin. Sveitarstjóra falið að ganga frá því. Borið undir fundinn og samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóra er jafnframt falið að endurskoða reglur um gatnagerðargjöld í sveitarfélaginu. Samkvæmt núverandi reglum í Langanesbyggð eru gatnagerðargjöld óhagstæðari fyrir framkvæmdaraðila í Langanesbyggð en í öðrum nágrannasveitarfélögum.



LANGANESBYGGÐ

15. Sumarfrí sveitarstjórnar

Lagt til að sveitarstjórn Langanesbyggðar taki sér sumarfrí til 27. ágúst n.k.
Borið undir fundinn. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 19:02